



## Alg & Mögeltvätt

Vörunr. 6224

### Lýsing

Alg & Mögeltvätt (6224) er öflugt efni til hreingerningar, bleikingar og sóttgreinsunar. Efnið inniheldur natríumhýpóklórít með virkum klór.

### Notkun

Alg & Mögeltvätt (6224) er notað til hreingerningar, bleikingar, sóttgreinsunar og til að þrifa myglu og gróður af garðhúsgögnum, viðarklæðningum, trébátum, plasti o.fl. Athugið að efnið getur ætt ál og gler.

### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Glær	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 1 og 5 lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn

### Áhöld

Skrúbbur, svampur og háprýstisprauta

## Vinnutilhögun

Oftast er **Alg & Mögeltvätt** (6224) notað þynnt 1 á móti 2 með vatni og látið vinna á fletinum í u.þ.b. 15 mínútur. Í mjög slæmum tilfellum má nota efnið óþynnt og láta það vinna á fletinum í 60 mínútur. Notið skrúbb, svamp eða háþrýstisprautu. Skolið síðan vel með vatni. Ef aðeins er um að ræða sótthreinsun þá dugar veikari blanda eða 1 á móti 5 með vatni.

Garðhúsgögn: Þrýstigagnvarinn við, sem orðinn er grár, dökkur og líflaus, er hægt að fríska upp með því að þrifa hann upp með **Alg & Mögeltvätt** og bera svo á hann Viðar pallaolíu (2413).

Viðarklæðningar, málaðir fletir: Veðraða og gróðurþakta fleti er nauðsynlegt að hreinsa vel fyrir endurmálun. **Alg & Mögeltvätt** er sérlega hentugt til þessara nota.

## Athugasemdir

- Notið gúmmíhanska og hlífðargleraugu.
- Gætið þess að efnið komist ekki í snertingu við gróður sem ekki á að útrýma.
- Slettist efnið á gler, þrífið það þá strax burt með vatni því annars getur það ætt glerið á u.þ.b. 15-20 mínútum.

## Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur natríumhýpóklórít.

Myndar eittraða lofttegund í snertingu við sýru. Ertir augu og húð. Varist snertingu við augu. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu. Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Geymist þar sem börn ná ekki til.